

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Rannveig Sif Sigurðardóttir
söngkona

Hólmfríður Sigurðardóttir
pianóleikari
og

Stefan Klar
lútuleikari



25. ágúst 1992 kl. 20:30

Rannveig Sif Sigurðardóttir er fædd á Ísafirði árið 1964. Hún hóf nám í fiðluleik og síðar píanóleik við Tónlistarskóla Ísafjarðar og söngnám við Söngskólann í Reykjavík árið 1981 hjá Sigurveigu Hjaltested og síðar við söngdeild Tónlistarskóla í Reykjavík hjá Elísabetu Erlingsdóttur. Árið 1986 fór hún utan til áframhaldandi söngnáms, var eitt ár í München og þrjú ár í Vín. Síðastliðin tvö ár hefur hún stundað barokksöngnám við Konunglega Tónlistarháskólann í Haag og lauk þaðan prófi í vor.

Hólmfríður Sigurðardóttir er fædd á Ísafirði árið 1955. Hún hóf nám við Tónlistarskóla Ísafjarðar, þar sem Ragnar H. Ragnar var aðalkennari hennar. Frá Ísafirði lá leiðin til Þýskalands, í Tónlistarháskólann í München. Þaðan lauk hún einleikara- og kennaraprófi árið 1980. Undanfarin ár hefur hún starf-að sem undirleikari við Söngskólann í Reykjavík.

Stefan Klar lútuleikari er fæddur 1953 í Kempton í Þýskalandi. Hann lærði á gítar, blokkflautu og píanó í heimabæ sínum, en fór síðan í Tónlistarháskólann í Augsburg og lauk þaðan námi 1979. Á sama tíma stundaði hann nám hjá prófessor Jürgen Libbert við kirkjutónlistarháskólann í Regensburg. Frá árinu 1980 hefur hann lagt fyrir sig lútuleik og hefur sótt námskeið, meðal annars hjá Hopkinson Smith í Basel. Stefan Klar kennir í Kempton og Memmingen og hefur leikið á tónleikum víða á meginlandi Evrópu.

Bára Grímsdóttir er fædd árið 1960 á Blönduösi og ólst upp í Reykjavík. Hún hefur lokið tónmenntakennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og árið 1989 lauk hún prófi frá tónfræðideild sama skóla. Síðastliðin þrjú ár hefur hún stundað tónsmíðanám í Hollandi, meðal annars hjá Tristan Keuris og Louis Andriesen. Bára lauk lokaprófi í tónsmíðum frá Tónlistarháskólannum í Haag síðastliði vor.

Efnisskrá

John Dowland
(1562 - 1626)

Prjú lög fyrir sopran og lútu
Come again
I saw my lady weep
Sleep, wayward thoughts

Henry Purcell
(1658/9 - 1695)

Ye twice ten hundred deities
- úr óperunni „Indian Queen“

"

J.S. Bach
(1685 - 1750)

An Evening Hymn

Et exultavit spiritus meus
- aria úr „Magnificat“

Franz Schubert
(1797 - 1828)

Du bist die Ruh (Rückert)

"

Robert Schumann
(1810 - 1856)

Ganymed (Goethe)

Die Lotosblume (Heine)

"

Bára Grímsdóttir
(f. 1960)

Aus den östlichen Rosen (Rückert)

Eins og gengur . . . (Frumflutningur)
- sex sönglög við ljóð eftir Stein Steinarr

Vegurinn og tíminn
Sjálfsmýnd
Vögguvísa
Vor
Söknuður
Húsið við veginn